

Selfossi, 21. október 2019
1910083

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfoss

Sameiningarviðræður sveitarfélaga í Árnassýslu

Á fundi bæjarráðs Árborgar þann 10. október var undirrituðum falið að kanna hug sveitarfélaga í Árnassýslu til sameiningar sveitarfélaga eða viðræðna þar að lútandi. Hér með er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess að hefja slíkar viðræður við Sveitarfélagið Árborg og önnur áhugasöm sveitarfélög í Árnassýslu.

Sveitarfélög í Árnassýslu eiga margt sameiginlegt og eiga saman öflugt samstarf á mörgum sviðum, sér í lagi í gegnum Héraðsnefnd Árnesinga, og væri því fagnaðarefni ef þau myndu sameiginlega hefja þetta samtal. Það er engu að síður vilji hjá Svf. Árborg til að hefja viðræður með áhugasömum sveitarfélögum, þó einhver vilji sitja hjá. Í fyrstu væri aðeins verið að ræða tækifæri og mögulegar útfærslur, því vissulega þarf skýra afstöðu íbúa til að hefja eiginlega vegferð til sameiningar.

Áhugaverðar sameiningarviðræður eiga sér nú stað á Austfjörðum og gefa fyrirheit um að nálgast megi sameiningarviðræður sveitarfélaga á nýjum grunni, þar sem áhersla er lögð á lýðræði og sterkari samfélög.


Mikil gróska er nú í Árnassýslu og tækifærin blasa hvarvetna við, t.d. í matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu og nýsköpun. Einnig er augljós áhugi landsmanna á því að setjast að á svæðinu. Sameinað sveitarfélag gæti hugsanlega verið betur í stakk búið til þess að takast á við stór verkefni í skipulagi og framþróun. Heildarhagsmunum íbúa sýslunnar kann líka að vera betur borgið ef ákvarðanir eru teknar með svæðið í heild sinni í huga, sér í lagi þegar kemur að skipulagi og uppbyggingu. Þá er líklegt að stórt sameinað sveitarfélag verði betur í stakk búið til þess að takast á við sífellt stærri og viðameiri verkefni sveitarfélaga.

Eftirfarandi var bókað á fundi bæjarráðs 10. október sl.:

1910083 - Sameining sveitarfélaga

Bæjarráð Svf. Árborgar samþykkir að óska eftir afstöðu sveitarfélaga í Árnassýslu til sameiningar sveitarfélaganna og hvort vilji sé til að hefja viðræður og skoðun á þeim möguleika. Bæjarstjóra er falið að senda sveitarfélögunum erindi þar að lútandi.

Virðingarfyllst,



Gísli Halldór Halldórsson,
bæjarstjóri Svf. Árborgar